

8. gr.

Eftirfarandi eru breytingar á viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Pyranthelum embonat	Dýralyf	BANMINTH, VET., pasta 440 mg/g	<i>DÝRALYF.</i> Ormalyf fyrir hross. <i>Varúð:</i> Eigi má nýta sláturafurðir fyrr en 15 sólarhringum eftir lyfjagjöf. – Enn fremur skal hver pakkning lyfsins merkt sérstaklega með upplýsingum um notkun lyfsins og skammtastærðir, skv. ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.
Terfenadin-um	Lyf í afmældum skömmtum. Mest 20 stk. handa einstaklingi, ef einstakur skammtur er 60 mg.	TELDANEX töflur 60 mg	Gegn ofnæmi. Skammtar: Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Ein tafla kvölds og morguns eða tvær töflur að morgni. Börn 6–12 ára: Hálf tafla kvölds og morguns. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. <i>Varúð:</i> Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni.
	Mest 10 stk. handa einstaklingi, ef einstakur skammtur er 120 mg.	TELDANEX töflur 120 mg	Gegn ofnæmi. Skammtar: Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: Ein tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. <i>Varúð:</i> Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. ágúst 1992.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Einar Magnússon.

GJALDSKRÁ

9. júlí 1992

fyrir hundahald á Suðurnesjum 1992.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. staflíð b í 1. málsg. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987 skal á árinu 1992 vera kr. 7 500,00 fyrir hvern hund. Eindagi gjaldsins er 1. september 1992.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnnum Keflavíkur, Njarðvíkur, Miðneshrepps, Gerðarhrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga um hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. júlí 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Guðjón Magnússon.

14. júlí 1992

GJALDSKRÁ

Nr. 283

fyrir tannréttingar.

1. gr.

Endurgreiðslur sjúkratrygginga á kostnaði sjúkratryggðra við tannlæknaþjónustu samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum skulu reiknast út frá gjaldskrá þessari, þegar um er að ræða:

- 1) Tannréttingar í samræmi við bráðbirgðaákvæði IV. laga nr. 1/1992.
- 2) Tannréttingar vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma sbr. reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

Gjaldliðir og fjárhæðir:

T, tímagjald, er kr. 1 115 og reiknast fyrir hverjar byrjaðar 10 mínútur.

Verkstæðiskostnaður innifalinn í verði.

<i>Skoðun og greining</i>	Kr.
001 Viðtal	T
002 Bráðahjálp	T
003 Skoðun (greining, skráning)	T
004 Áfangaftirlit	T
005 Lyfseðill, vottorð, tilvísun	445
006 Læknisvottorð, umsókn (stöðluð eyðublöð)	890
007 Meðferðaráætlun, kostnaðaráætlun, mat, greinargerð og álitserð	T
<i>Röntgen</i>	
010 Upphafsmýnd tekin á smáfilmu	835
011 Viðbótarmýnd í sömu heimsókn	510
012 Bitewing, hver mynd	835
013 Heildarröntgen, fullorðinn	6 125
014 Heildarröntgen, barn	3 120
015 Occlusalmynd	1 290
016 Kjálkaliðsmýnd	2 005
017 Profilmýnd	1 560
018 Orthopantomogram	1 740
019 Handarröntgenmynd	1 285
020 Eftirmýnd v/010-012	365
021 Eftirmýnd v/015-019	790
022 Tvímýnd v/010-012	180
023 Tvímýnd v/015-019	395
024 Ljósmynd	185